

187. fundur fræðslunefndar haldinn í GSNB Ólafsvík 12.maí 2016.

Mætt Örvar Marteinsson, Ari Bent, Gunnar Ólafur Sigmarsdóttir, Hilmar Már Arason, Þórunn Hilma Svavarsdóttir, Ingigerður Stefánsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir og Adela M. Turloiu.

Formaður setur fund

Hilmar Már – GSNB

- Skóladagatal 2016 – 2017 lagt fram, samþykkt. Fskj.268, með athugasemd að foreldraviðtalsdagur er færður að helgi.
- Farið yfir umbótaáætlun skólans.
- Læsisátak fór af stað í lok apríl og stendur í 4 vikur.
- GSNB og bókasafn fara í samstarf í sumar með áherslu á sumarlestur.
- Lestrarpróf tekin í janúar og einnig í maí, Menntastofnun er að þróa lestrarpróf og GSNB valinn í úrtak.
- Framkvæmdir áætlaðar á húsnæði á öllum starfsstöðvum.
- Búið er að auglýsa eftir starfsfólk fyrir komandi starfsári.

Ingigerður, Hermína og Adela – leikskólar

- Starfsmannahandbók kynnt.
- Verið að vinna með endurnýjaða jafnréttisstefnu Snæfellsbæjar.
- Skóladagatal 2016-2017 kynnt.
- Enn frekari áhersla á læsi.
- Fræðslunefnd óskar eftir frekari upplýsingum um hvort Kári Viðarsson eigi eftir einhver óleyst verkefni í leikskólum Snæfellsbæjar varðandi þann samning sem er í gildi 2015-2016.

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar, maí 2016.

Skýrsla flutt af formanni skólanefndar að beiðni tónlistarskólastjóra: fskj.269.

- Það eru 71.nemendur í Tónlistarskóla Snæfellsbæjar.
- 99,9% af nemendum tóku vorpróf sem var 7. og 8.mars á Hellissandi og í Ólafsvík.
- 27.apríl var vorpróf í Lýsuholsskóla. Tveir nemendur úr Lýsuholsskóla ætla að taka grunnstigspróf í haust.
- 5 nemendur og 2 kennrarar tóku þátt í Nótunni 2016 uppskeruhátið tónlistarskóla Íslands.
- Svæðistónleikar 2016 Vesturland og Vestfirðir voru haldnir í Stykkishólmsskirkju laugardaginn 12.mars.
- Tónlistarskóli Snæfellsbæjar fékk sérstakar viðurkenningar fyrir framúskarandi atriði.
- Mánudaginn 2.maí voru vortónleikar Tónlistarskóla Snæfellsbæjar í Klifi. Vortónleikar Lýsuholsskóla verða á fimmtudaginn 19.maí kl.13:00.
- Miðvikudaginn 11.maí verða vortónleikar fullorðna nemenda Tónlistarskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvíkur kirkju saman með kirkjukórum Hellissands og Ólafsvíkur.

- Í tilefni 40 ára afmælis Landsbankans munu nemendur og kennarar Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða með tónleika í Landsbankanum í Ólafsvík n.k. föstudag 13.maí á milli kl.14:00 og 16:00.
- Laugardaginn 14.maí mun Tónlistarskóli Snæfellsbæjar verða með tónlistaratriði í Pakkhúsinu við opnun Pakkhúsins á milli 13:00 og 15:00.
- Síðasti kennsludagur er 20.maí.
- Innritun í Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verður í lok ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.40